



Gunnar Egilsson og Sveinn Ægir Birgisson munda skóflurnar, bæjarstjórnarfolk fylgja með. Mynd: Dagskráin/HGL.

Skóflustunga markar tímamót í skólpámálum

Í liðinni viku var boðað til tímamóta skóflustungu vegna framkvæmda við nýja hreinsistöð við Geitanes á Selfossi. Framkvæmdir við stöðina munu hefjast í þessari viku og mun verktakafyrirtækið Þjótandi ehf. hefja þar vinnu við lagningu út-rásar- og yfirfallslagna sem og

að grafa fyrir byggingu á hreinsistöðinni sjálfri. Sveinn Ægir Birgisson, núverandi formaður framkvæmda og veitunefndar og Gunnar Egilsson, fyrrum formaður frá 2010-2018 tóku skóflustunguna.

Í dag er skólp sem kemur frá Selfossi að mestu losað óhreinsað

í Ölfusá. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá byggðinni á Selfossi sem uppfyllir örugglega skilyrði laga og reglugerða samhliða því að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Selfossi en áætluð verklok eru árið 2024.

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra 2022

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra voru veitt á Kjötsúpuhátíðinni nú um helgina. Það er Skipulags- og umhverfisnefnd sem að velur úr innsendum tillögum og voru viðurkenningar veittar í þremur flokkum.

Snyrtilegasti garðurinn í sveitarfélaginu er Litlagerði 2a en þar búa þau Birgir Óskarsson og Pálína Guðbrandsdóttir.

Snyrtilegasta býlið í sveitarfélaginu er Ytri Skógar en þar eru ábúendur í félagsbúi þau Sigurður Sigurjónsson og Kristín Þorsteinsdóttir annars vegar og hins vegar Ingimundur



Vilhjálmsson og Margrét H. Jónsdóttir.

Snyrtilegasta fyrirtækið í sveitarfélaginu er Eld'stö Art Café en eigendur Eldstö eru

þau G. Helga Ingadóttir og Þór Sveinsson. Tómas Birgir Magnússon, oddviti, afhenti verðlaunin.



Ása Valdís Árnadóttir formaður seyrustjórnar og Guðlaugur Þór Þórðarson við opnun Seyrustaða. Mynd: Dagskráin/HGL.

Þessum næringarefnum er synd að sóa

Ný móttökustöð fyrir seyrur sem staðsett er á Flúðum, Hrunamannahreppi, var formlega opnuð í liðinni viku af Umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Með móttökustöðinni hefst nýr áfangi í verkefni sem hófst árið 2011 en það felst í tæmingu rótþróa í Uppsveitum Árnessýslu, Ásahreppi og í Flóa og afsetningu seyrunnar til landgræðslu á Hrunamannaafreitti.

Að sögn Ásu Valdísar Árnadóttur, formanns stjórnar hefur verkefnið frá upphafi verið unnið í afar góðri samvinnu við Landgræðsluna og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem fylgst hafa náð með áhrifum þess á gróðurþekju afreitarinnar en sveitarfélögin á svæðinu hafa verið langt á undan öðrum þegar kemur að nýtingu seyrur til landbóta.

Eftir að sveitarfélögin sem standa að verkefninu höfðu í nokkur ár safnað seyrur, afvatnað, kalkað og yfirborðsdreift henni í landgræðslugirðingu á Hrunamannaafreitti var samþykkt að byggja yfir starfsemina. Hófst bygging hússins árið 2019. Fyrirtækið Landsstólpi sá um byggingu

á móttökustöðinni sem er 870 m² að stærð og hefur húsið gjörbreytt rekstri verkefnisins. Vegna heimsfaraldurs Covid var ekki mögulegt að bjóða til vígslu hússins fyrr en nú.

Það eru sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafingshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur sem standa að rekstri seyruverkefnisins. Eru losaðar rofþrær á starfsvæðinu 9.000 talsins og fer þeim stöðugt fjölgandi. Jafnframt losa sveitarfélögin Rangárþing Ytra, Rangárþing Eystra og Sveitarfélagið Ölfus seyrur á Seyrustöðum.

Samkvæmt mælingum Landgræðslunnar er umtalsverður árangur sjáanlegur á gróðurþekju í afreittinum eftir að dreifing seyrur hófst enda kom það fram bæði í máli Magnúsar H. Jóhannssonar, sviðsstjóra hjá Landgræðslunni og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að verkefnið væri bæði fram-sækið, metnaðarfullt og til eftirbreytni fyrir önnur sveitarfélög og báðir komu inná það í sínum ræðum að þeim mikilvægu næringarefnum sem fyndust í seyrur væri mikil synd að sóa.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOSFOSS@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Jöfnunarstyrkur til náms

**Umsóknarfrestur á haustönn
2022 er til 15. október nk.**

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2022.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á „Mitt Lán“ sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar menntasjodur.is eða island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðsins.

Menntasjóður námsmanna | Námsstyrkjanefnd

Afbragðsfín Kjötsúpuhátíð á Hvolsvelli

Kjötsúpuhátíðin var haldin um síðastliðna helgi og tókst afbragðsvel. Veðrið lék við hvern sinn fingur og íbúar og gestir þeirra fjölmenntu á þá viðburði sem í boði voru um helgina. Forskot var tekið á sæluna á fimmtudaginn þegar ungviðið skemmti sér í Silent Diskó á Midgard og Pétur Jóhann kitlaði svo hláturtaugarnar um kvöldið í Hvolnum.

Súpuröltið margrömaða fór fram á föstudagskvöldið. Fimm súpustaðir voru í boði og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir að taka þátt og bjóða upp á gómsætar súpur af ýmsu tagi sem og skemmtun og samveru. Mörg hundruð lítrum af súpu var ausið í skálar þetta kvöld og fjöldinn allur af fólki á ferð.

Á laugardaginn var pökkuð dagskrá með skemmtilegum viðburðum. Sláturfélag Suðurlands var að sjálfsögðu mætt á hátíðarsvæðið og bauð upp á tvennskonar súpur og fóru um 200 lítrar af súpu hjá þeim. Kunnum við þeim góðar þakkir fyrir súpurnar sem runnu vel niður. BMX bros og Latibær skemmtu áhorfendum, ungum sem öldnum og Guitár Íslandica spilaði í Sveitabúðinni Unu. Vatnaboltinn var á sínum stað og voru keppendur og áhorfendur vel blautir eftir hörku leik. Markaðstjald, hoppukastalar og loftboltar settu svo svip sinn á svæðið.

Hátíðartónleikarnir á laugardagskvöldið voru frábærir og mikill fjöldi var mættur á miðbæjartúnið til að hlýða á þau Valborgu Ólafs, Sæbjörgu Evu, Maríönnu Másdóttur og Stefán Hilmarsson. Sérstakur leynigestur var Hlynur Snær Theodorsson sem fyrr um daginn hlaut viðurkenninguna Sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2022. Eftir tónleika var brenna og flugeldasýning og kvöldinu var svo lokað með Kjötsúpuballi í Hvolnum þar sem Jónsi í Svörtum fötum og Unnur Birna trylltu ballgesti.

Á sunnudaginn fór Ísólfrur

Gylfi í Hvolsvallargöngu með hóp af fólki og Leikhópurinn Lotta kom á miðbæjartúnið og sló botninn í hátíðina.

Það er sannarlega ekki hægt að halda hátíð sem þessa nema af því að það er hópur góðs fólks sem að er boðið og búið að aðstoða. Sigurgeir Skafti Flosason sá um framkvæmd og utanumhald Kjötsúpuhátíðarinnar og fá hann og hans fólk miklar

þakkir fyrir sín störf. Áhalda-hús Rangárþings eystra vinnur baki brotnu við undirbúning hátíðarinnar en einnig meðan á hátíðinni stendur sem og við frágang eftir. Það mæðir oft mikið á starfsmönnum þar og fá þeir kærar þakkir fyrir sína aðkomu. Ekki má svo gleyma íbúum og gestum þeirra sem að gerðu hátíðina að þeirri skemmtun sem raun bar vitni.



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Fylgstu með pósthólfinu þínu

Náðu þér í island.is appið í símann

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is (Mínar síður)



UPPSKERUHÁTÍÐIN

MATARKISTAN
í Hrunamannahreppi

LAUGARDAGINN 3. SEPTEMBER | FLÚÐIR OG NÁGRENNI

UPPSKERUMESSA
í Hrunakirkju kl. 11:00
Leikir og hressing á eftir.
Samvera fyrir alla fjölskylduna

FÉLAGSHEIMILIÐ Á FLÚÐUM
Matarkistan markaður kl. 13:00-17:00
Matvæli úr sveitinni. Alls kyns ferskt grænmeti og fjölbreytt góðgæti beint frá býli.
Handverk, listir, kruðerí í krukum og girnilegt bakkelsi.
Kvenfélagið með vöfflukaffi.

GÖNGUFERÐ UM FLÚÐIR MEÐ LEIÐSÖGN
Frá Félagsheimilinu á Flúðum. kl. 15:00
Gengið um Flúðahverfið og farið yfir sögu þess.
Þægileg ganga fyrir alla aldurshópa.
Guðmundur Magnússon og Anna B. Matthíasdóttir í Steinahlíð leiða gönguna.

BJARKARHLÍÐ FLÚÐUM, opið hús og garður
Anna Magnúsdóttir handverkskona býður gesti velkomna heim í vinnustofu sína
kl.13:00-17:00

LEIKUR OG LIST, LAUGALANDI FLÚÐUM
Opið frá 13:00-17:00. Handverk og önnur list frá Dóru og Möggu.
Rabbi rósabóndi með gott tilboð á rósabúntum og steinselju frá Garðyrkjustöðinni Land og synir ehf.



LITLA HÚSIÐ Suðurbrún 7, Flúðum
Markaður með gamla fallega muni. Opið frá 13:00-17:00

HÚS MINNINGANNA
(The house of memory's)
staðsett í Suðurbrún 7, við hliðina á Litla húsinu.
Safn þar sem flestir geta tengt sig við eitthvað.
Opið kl. 13:00-17:00 og aðgangseyrir 1000 kr. frítt fyrir 15 og yngri



BRYÐJUHOLT, KÚABÚ
Opið fjós í Bryðjuholti kl.13:00 - 16:00
Samúel og Þórunn bjóða fólki að koma skoða búið og kynnst starfi kúabóndans. Fyrir utan fjósið verða nokkur tæki búans til sýnis og
Ragnar frá Þór hf. sýnir nokkur vel valin landbúnaðartæki. Veitingar í boði MS og Þórs hf.

FARMERS BISTRO
Veitingastaðurinn Farmers Bistro opið kl.12:00-17:00
Flúðasveppir kynning. Boðið verður uppá kynningu um ræktun Flúðasveppa og innlit í klefa kl. 16:00

EFRA-SEL GOLFOVÖLLURINN
OPNA ÍSLENSKA GRÆNMETISMÓTIÐ

Golfmót þar sem leikin er punktakeppni með hámarksförgjöf (36). Keppt í flokkum; karla, kvenna og barna (14 ára og yngri – 18 holur).
Skráning á www.golf.is
Sölufélag garðyrkjumanna er aðalstyrktaraðili mótsins



KAFFI-SEL, veitingastaður opinn

MINILIK EPÍÓPÍSKUR VEITINGASTAÐUR FLÚÐUM
Aukaopnun kl.13:00-16:00
Epíópískur matur, þrenns konar combo í boði í tilefni dagsins, bæði vegan og kjöt.
Opið einnig aftur á hefðbundnum tíma kl. 18:00 - 21:00

LEIKIR Í LÆKJARGARÐINUM
Heilsueflandi samfélag kl. 14:00.
Komdu út að leika. Sígildir leikir og frisbíáskorun.

LITLA BÆNDABÚÐIN Á MELUM FLÚÐUM
Fjölbreytt úrval af fersku grænmeti og alls kyns góðgæti beint frá býli.
Opið kl. 12:00 - 17:00 og kaffi á könnunni.

LITLI FISKIKOFINN VIÐ GÖMLU LAUGINA
Opið í Litla fiskikofanum ljúffengur fiskur og franskur kr. 2350

SÆSABAR
Barinn opinn kl.12:00-23:00 og gleðistund frá 12:00-20:00

GAMLA LAUGIN - SECRET LAGOON
Hvamssvegi - Opin kl. 10:00-20:00

SUNDLAUGIN FLÚÐUM opin kl. 13:00-18:00

FRISBÍGOLFOVÖLLUR OG ÆRSLABELGUR
í Lækjargarðinum á Flúðum

Tveir nemendur úr FSu fengu styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði

Á mánudaginn síðasta tóku fjörutíu framúrskarandi námsmenn við styrkjum úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands við afhöfn í Hátíðarsal skólans. Þeir koma úr 14 framhaldsskólum og hafa skráð sig til náms í nærri 30 mismunandi námsleiðir og tveir þeirra koma úr Fjölbrotaskóla Suðurlands.

Aldís Elva Róbertsdóttir útskrifaðist frá Fjölbrotaskóla Suðurlands vorið 2020 sem semidúx og hlaut verðlaun fyrir frábæran árangur í íslensku og dönsku. Hún lét mikið að sér kveða í félagslífi FSu og náði m.a. góðum árangri í söngkeppni skólans. Þá leikur hún á gítar og sótti m.a. tónlistarnám í lýðháskóla í Danmörku áður en hún innritaði sig í Háskóla Íslands. Áhugi Aldísar á heilbrigðisgeiranum kviknaði við störf á hjúkrunarheimili og hún hefur því innritast í hjúkrunarfræði.

Hólmfríður Arna Steinsdóttir útskrifaðist frá Fjölbrotaskóla Suðurlands í vor með afar glæsilegum árangri en hún var í handboltaakademíu skólans og lék um leið með handknattleikslíði Selfoss sem komst í deild þeirra bestu í vor. Hún hefur jafnframt sótt bæði dómara- og þjálfaranámskeið í handbolta.

Hólmfríði hefur dreynt um að verða tannlæknir síðan hún var lítil stelpa og ætlar að láta þann draum rætast í tannlæknisfræði í Háskóla Íslands.

Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands hefur allt frá árinu 2008 veitt styrki til nýnema sem náð hafa framúrskarandi árangri í námi til stúdentsprófs og jafnframt látið til sín taka á öðrum sviðum, svo sem í félagsstörfum í framhaldsskóla eða listum og íþróttum. Sjóðurinn styrkir einnig nemendur sem hafa sýnt fádæma seiglu og þrautseigju og hafa, þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður, staðið sig afar vel í námi. Styrkþegar frá upphafi eru yfir 400.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki í vor og hafa þær aldrei verið fleiri. Stjórn Afreks- og hvatningarsjóðs var mikill vandi á höndum en ákvað að þessu

sinni að veita 40 nýnemum við Háskóla Íslands styrk. Þeir koma sem fyrr segir úr 14 framhaldsskólum og í hópi þeirra eru 15 dúxar og semidúxar. Styrkupphæð hvers og eins nemur 375 þúsund krónum og heildarupphæð styrkjanna er því 15 milljónir króna.

Styrkirnir úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands eru veittir með stuðningi Aldarafmælisjóðs Háskóla Íslands og Happraðttis Háskóla Íslands.

Stjórn Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands í ár skipa Róbert Haraldsson, prófessor og sviðsstjóri kennslusviðs, sem er formaður, Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.



„Að dansa er lífsins list“

Auður Harpa kennir dansleikfimi hjá félagi eldri borgara í Hveragerði í vetur

Félag eldri borgara í Hveragerði hefur fengið hina vinsælu Auði Hörpu Andrésdóttur til að kenna dansleikfimi í vetur. Dansleikfimin hjá henni hefur verið gríðarlega vinsæl hjá íbúum höfuðborarsvæðisins en hún kennir í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsbæ. Þess má geta að tæplega 2000 manns sóttu tímana hjá henni í Reykjavík á síðasta ári.

Svo vitnað sé í Auði Hörpu þá eru þetta ekki gömu dansarnir. Tónlistin er sú sem eldri borgarar frá 60 ára dansaði við á böllum í gamla daga en líka það nýjasta, hip hop, rap og rokk og ról.

Auður Harpa mætir með kynningu í Þorlákssætri sunnudaginn 4. september kl 13:00 og eftir kynninguna er dansað

í hálf tíma og þar fer skráningin fram. Fólk er hvatt til að mæta og skrá sig því dansinn styrkir líkamann og eykur lífsgleðina.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Þetta er herskár, gamall guð,
ganga, dans og mikið puð.
Hann er þriðji, heillin mín,
á himni uppi líka skín.

Svar við gátu í blaði 2663: **KOLLUR**

1. Lína: Dala-Kollur - 2. Lína: BringuKollur
3. Lína: Anda/æðarKollur - 4. Lína: Heilabú Höfundar



Ég vil byrja á því að þakka listakokkinum og fagurkeranum henni Ólöfu vinkonu minni fyrir tilnefninguna. Fyrri uppskriftin sem ég set inn er uppskrift að salati sem að dóttir mín kom mér á bragðið með, en hún hefur gefið mér mikinn innblástur þegar kemur að léttum og heilsusamlegum réttum.



Anna Lára Jóhannesdóttir er matgæðingurinn þessa viku

Sú seinni er rabbabarápæ sem er mjög vinsælt í fjölskyldunni. Ég á alltaf til nóg af rabbabara í frysti sem ég sækir út í rabbabarágarð til mömmu minnar. Margir sem hafa haft litla trú á því að rabbabari getur verið góður í matargerð hafa fallið fyrir þessum eftirrætti.

Kínóasalat með grænkáli

Tveir bollar kínóa
Búnt af grænkáli
1/2 krukka sólþurrkaðir tómatar
1 stk avokado
10 stk kirsuberjatómatar
1/2 krukka fetaostur
1/3 bolli kasjúhnetur

Dressing

6 msk sítrónusafi
3 msk ólívuolía
1/2 tsk salt
1/2 tsk pipar
2 stk pressuð hvítlauksrif
1 tsk hunang

Byrjið á því að skola kínóa og sjóða það eftir leiðbeiningum. Setjið það síðan til hliðar til kælingar. Næst er dressingin gerð. Grænkálið er svo rífið af stilkunum í hæfilega bita og er mikilvægt að nudda því mjög vel saman við dressinguna og er best að nota hendurnar við það.

Sólþurrkuðu tómatararnir eru skornir í hæfilega bita sem og avokadoið. Kirsuberjatómat-

Rabbabarápæ með hvítu súkkulaði

Botn:

400 gr rabbabari
1/2 dl hveiti
2 egg
2 1/2 dl sykur
1/2 plata hvítt súkkulaði

Mulningur:

1 3/4 dl hveiti
1 1/2 dl púðursykur
50 gr smjör

Byrjið á því að skera rabbabaran í ca. tveggja cm. langa bita. Síðan er hveiti, sykri og eggjum hrært saman og rabbabaranum blandað saman við. Þetta er sett í smurt eldfast mót. Súkkulaðið saxað niður og dreift ofan á.

Mulningurinn ofan á þæið er svo úr hveiti, púðursykri og smjöri. Best er að hafa smjörið mjúkt og er þessu myljað saman og dreyft yfir botnin. Þæið er best borið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.

Að lokum ætla ég að tilnefna næsta matgæðing hana Maríu Magnúsdóttur, vinkonu mína sem er sannur snillingur í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ný störf auglýst í hverri viku!

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

www.dfs.is/atvinna/

75 ÁRA AFMÆLISMÁLÞING RARIK

Rafmagnið í lífi okkar

Hreyfiafl landsbyggðar

til framtíðar

Magnús Þór
Ásmundsson

Bergur Ebbi

Helga
JóhannsdóttirKjartan Rolf
ÁrnasonSilja Rán Steinberg
SigurðardóttirHildur
Harðardóttir

Dagskrá:

- Kl. 16:30 Húsið opnað. Boðið verður upp á léttar veitingar ásamt lifandi tónlist.
- Kl. 17:00 **Magnús Þór Ásmundsson** forstjóri RARIK opnar málþingið.
- Kl. 17:10 **Bergur Ebbi** ráðstefnustjóri fjallar um ný tækifæri í breyttri framtíð.
- Kl. 17:20 **Afhendingaröryggi og þjónusta**
RARIK stendur frammi fyrir hraðri tæknivæðingu samtímans og áskorunum framtíðarinnar með auknum kröfum um gæði rafmagns, sveigjanlega notkun og fyrirsjáanlega þjónustu.
Helga Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs RARIK.
- Kl. 17:35 **Orkuskipti og loftslagsmál**
Loftslagsbreytingar eru ein mesta áskorun samtímans. Fjallað verður um stöðuna í orkuskiptum frá sjónarhóli RARIK.
Kjartan Rolf Árnason, deildarstjóri kerfisstyringar RARIK.
- Kl. 17:50 **Verðskráin í nútíð og framtíð**
Það kostar að koma rafmagninu á milli staða. En hvernig er verðskráin ákveðin og hver er munurinn á framleiðslu, sölu og dreifingu? Getur regluverk um raforkumál verið skemmtilegt?
Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir, þróunarstjóri nýsköpunar og greininga hjá RARIK.
- Kl. 18:05 **Konur í orkumálum**
Hver er staða jafnréttismála í orkugeiranum? Hver eru tengsl kynja-jafnréttis á vinnustað og frammistöðu fyrirtækja og metnaðarfullum skuldbindingum þeirra um sjálfbæra framtíð?
Hildur Harðardóttir, formaður Kvenna í orkumálum og verkefnisstjóri á sviði Samfélags og umhverfis hjá Landsvirkjun.
- Kl. 18:15 Pallborð með frummælendum.
- Kl. 18:30 Lok málþings.
Ráðstefnustjóri er **Bergur Ebbi**, rithöfundur og fyrirlesari.

8. september

Hótel Selfoss

Málþing um orkuskiptin og helstu áskoranir raforkukerfisins á 75 ára afmæli RARIK.

Vertu með í samtali um framtíð raforkunnar

Öll eru velkomin

Aðalfundur FOSS

Aðalfundur FOSS verður haldinn á Hótel Selfossi, þriðjudaginn 6. september kl. 19:00.


Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál
Happdrætti

Veitingar verða bornar fram meðan aðalfundurinn stendur yfir. Þegar fundi er lokið verður skemmtiatriði.

Stjórn FOSS

Hvetjum sem flesta til að mæta.
Saman erum við sterk!



Stekkjaskóli Umsjónarkennari óskast

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag.

Vegna fjölgunar nemenda auglýsum við eftir umsjónarkennara í 3.-4. bekk í 100% stöðuhlutfall. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Leitað er eftir áhugasömum og framsæknum grunnskólakennara til að starfa í kennarateymi með tveimur öðrum umsjónarkennurum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni og áhugi á skólastarfi
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Áhugi á skólabróun og skapandi kennsluháttum mikilvægur

Umsóknarfrestur er til og með 8. september 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/FG. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1600 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólustjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480-1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, námsferilsvottorð, starfsvottorð frá fyrri vinnuveitendum og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is/>. Allar umsóknir eru gildar í sex mánuði.

Landbúnaðarháskóli Íslands og sjö samstarfsháskólar í Evrópu hljóta myndarlegan styrk frá Evrópusambandinu



Landbúnaðarháskóli Íslands og sjö aðrir samstarfsháskólar í Evrópu hlutu nýverið styrk frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins að upphæð 6,83 milljónir evrur eða að jafngildi um 960 milljónir íslenskra króna til samstarfsnetsins UNIGreen (The Green European University). Hinir háskólarnir eru Háskólinn í Almería á Spáni sem stýrir verkefninu, Landbúnaðarháskólinn í Plovdiv í Búlgaríu, Tækniháskólinn í Coimbra í Portúgal, Paris Sup'Biotech í Frakklandi, Háskólinn í Modena og Reggio Emilia á Ítalíu, Háskólinn í Varsjá í Póllandi og Háskólinn í Liege í Belgíu.

Undirbúningur að verkefnisumsókninni hefur staðið yfir í nokkuð langan tíma og í febrúar sl. komu fulltrúar allra háskólanna saman í Brussel þar sem undirritaður var samningur milli háskólanna um aukið samstarf á sviði landbúnaðar, lífvísinda og líftækni.

Evrópsk háskólanet

Frá því á Gautataborgarfundinum 2017 hefur Evrópusambandið lagt áherslu á að efla samstarf æðri menntastofnana í Evrópu. Evrópskum háskólanetum er ætlað að tengja saman háskóla í ólíkum löndum álfunnar og efla samstarf á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Markmiðið er að þróa nýjar leiðir fyrir kerfisbundið og langvarandi samstarf sem nær bæði þvert á landamæri og námsgreinar. Alls var 272 milljónum

evra veitt til háskólanetanna að þessu sinni og hefur upphæðin aldrei verið hærri. Netin ná til 340 háskóla í 31 landi. Áður hefur Háskóli Íslands hlotið styrk vegna Aurora Alliance samstarfsnetsins. Landbúnaðarháskóli Íslands er því annar íslenski háskólinn sem sameinast evrópska háskólanetinu.

Efla á menntun, rannsóknir, nýsköpun, gæðamál og miðlun þekkingar

Þátttaka í samstarfsneti eykur möguleikana á fjármögnun alþjóðlegra rannsókna- og nýsköpunarverkefna og að koma upp og samnýta aðstöðu. Samhliða á einnig að efla samstarf um nám og kennslu. Þannig opnast nýir möguleikar fyrir kennara og nemendur háskólanna sem fá aukið úrval námskeiða, með aðstoð fjartækni þegar því verður við komið. Samstarfið leggur einnig áherslu á að auka

gæði háskólastarfsins og styðja við stjórnsýslu háskólanna. Þá mun UNIGreen stuðla að auknu samstarfi við atvinnulífið meðal annars með starfsþjálfun, nýjum þverfaglegum verkefnum og áherslu á samlegðaráhrif og þekkingaryfirfærslu.

Erasmus+ mun veita rúmlega milljarði evra til samstarfsneta háskóla á tímabilinu 2021-2027 og auk þess mun fjármagn frá Horizon Europe renna til rannsóknarsamstarfs innan netanna. Samstarfsháskólar UNIGreen hafa nú þegar hlotið annan verkefnisstyrk frá Erasmus+ áætluninni til verkefnisins U-Green (University Cooperation for promoting GREEN transition and sustainable practices in education and training), en þar er m.a. unnið að innleiðingu grænni skrefa, og þróun aðferða og staðla fyrir umhverfisvænni starfsemi.

Í byrjun september kemur rektor Háskólans í Almería, ásamt aðstoðarrektori og sérfræðingi í ylrækt til fundar í Landbúnaðarháskóla Íslands. Ræða á UNIGreen verkefnið, tækifærin framundan og leggja grunninn að nýjum verkefnum. Það eru því spennandi tímar framundan hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ragnheiður I Þórarinsdóttir rektor og Christian Schultze rannsókn- og alþjóðafulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands



Nanna Rögnvaldsdóttir á Brimrót 4.9. Kl. 14



Til að hita upp fyrir uppskeruhátíðina *Haugtgildi, menning er matarkista*, sem fer fram 10. - 11. sept. á Stokkseyri, mun Nanna Rögnvaldsdóttir koma á Brimrót sem er

á efri hæð Gimlis við Hafnar götuna á Stokkseyri sunnudaginn 4. sept. kl. 14 og spjalla um íslenska matarmenningu og erlend áhrif. Nönnu þarf vart að kynna fyrir öllu matelsku fólki. Hún er framúrskarandi kokkur og afkastamikill höfundur fjölda uppskriftabóka um flest það sem við kemur mat, mataræði og sérstaklega því sem kalla mætti íslenska matarmenningu. Í tilefni af heimsókninni er bókum hennar gert sérstaklega hátt undir höfði á bókasafninu á Selfossi þessa dagana. Vörur frá ítalska meistaranum Roberto Tariello sem vinnur vörur sínar í Þykkvabæ,

verða líka til sölu og kynntar. Vörurnar hans, pylsur og salami, verða sífellt vinsælli. Svo vinsælar að hann annar varla eftirspurn og fengur að fá eitt-hvað frá honum á *Haugtgildi* og hann er líka gott dæmi um erlend áhrif á íslenska matarmenningu.

Haugtgildi, menning er matarkista, er haldin í annað skipti í ár á Stokkseyri 10. - 11. sept. Hátíðin fer fram í Hafnar götunni á Stokkseyri og hinum fjölmörgu galleríum sem er að finna á Stokkseyri. Dagskráin stendur frá kl. 13 - 21 á laugardaginn og 13 - 17 á sunnudeginum.

TM



Það er góð
byrjun að
vera hjá TM

Kynntu þér málið á tm.is



FJARNÁM

Opið fyrir skráningu
á slóðinni www.fa.is/fjarnam

Kennsla hefst 8. september



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1 Deiliskipulagsbreyting - Skógarflöt L203345

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 24. ágúst 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Skógarflöt L203345 (Byggðarhorn 9). Breytingin felur í sér að stofnuð verði ný lóð, og skilgreindur byggingarreitur auk byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, allt að 300m², bifreiða- og vélageymslu, allt að 250m² og hesthúsi allt að 200m². Nýtingarhlutfall að 0,15. Mesta þakhæð allt að 8,0m. Þakhalli 0-45 gráður. Sömu skilmálar gilda fyrir núverandi lóð.

2 Deiliskipulagsbreyting - Árvegur 1 HSU

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 24. ágúst 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Árveg 1, (Heilbrigðisstofnun Suðurlands). Breytingin felur í sér áform um stækkun á húsnæði HSU. Núgildandi byggingarreitur A og A-2, munu sameinast í einn sem byggingarreitur A. Viðbótar byggingarmagn við áður samþykkt áform er um 1.800m². Annars gilda áður samþykktir skilmálar frá deiliskipulagi í apríl 2018.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 31. ágúst 2022 til og með 12. október 2022.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 12. október 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

Sumrinu lokað með spennandi hætti

Þann 3. september klukkan 14 verður botninn sleginn í sýninguna Eruð þið ánægð ef þið megið spyrja um eitthvað með spennandi listamannaspjalli í Listasafni Árnesinga.

Eggert Pétursson, Ingólfur Arnarsson, Kees Visser og Rúrí verða í samræðum um myndlist og alþjóðleg tengsl á áttunda áratugnum og listsköpun þeirra í dag.

Eruð þið ánægð ef þið megið spyrja um eitthvað?

Tengslamyndun milli austurs og norðurs

Sýningin hefur staðið frá 4. júní og síðasti sýningadagurinn verður þann 4. september nk. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var framúrstefnulistamönnum frá austantjaldsríkjunum mikið kappsmál að tengjast hinum vestræna listheimi.

Á sama tíma var vettvangur íslenskrar samtíðarlistar að opnast upp, m.a. fyrir stefnum á borð við flúxus og póst-list. Það kom til vegna ört stækkandi tengslanets listamanna

og gallería á borð við SÚM og listagalleríð að Suðurgötu 7. Þessi tvíhliða tilraun að auknum tengslum leiddi svo til fjórlegra samskipta og nokkurra sýninga ungverskra listamanna hér á landi.

Við munum varpa ljósi á vinnubrögð listamannanna við þessa tengslamyndun og sýningagerð á Íslandi, á tíma þar sem strangar hömlur voru til staðar á ferða- og tjáningarfrelsi í Austur-Evrópu.

Samvinna íslenskra og ungverskra listamanna varð uppspretta spaugilegra viðburða sem vöktu fólk til umhugsunar á sama tíma og þeir báru tíðum vott um sjálfshæðni.



Sumarsýning Listasafns Árnesinga 2022 var endurflutningur þessara viðburða ásamt nýrri verkum eftir sömu listamenn sem tóku þátt í þessu samstarfi á sínum tíma og blésu með því lífi í íslenska samtímalist á áttunda áratug síðustu aldar.

Listamenn: Eggert Pétursson, Endre Tot, Gábor Attalai, Géza Perneckzy, Ingólfur Arnarsson, Kristján Guðmundsson, Kees Visser, Rúrí og Sigurður Guðmundsson

Sýningarstjóri: Zsóka Leposa
Aðstoðarsýningarstjóri: László Százados

Sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2022

Hlynur Snær Theodórsson er Hsveitarlistamaður Rangárþings eystra árið 2022.

Markaðs- og menningarnefnd sveitarfélagsins óskaði eftir tilnefningum til sveitarlistamanns Rangárþings eystra nú í lok sumars og bárust fjölmargar tilnefningar frá íbúum sem vert er að þakka fyrir. Eitt nafn stóð þó upp úr og var það samhljóma álit nefndarinnar að Hlynur Snær Theodórsson skyldi hljóta þessa viðurkenningu í ár.

Hlynur hefur verið dug-

legur að syngja og spila við hin ýmsu tækifæri, bæði innan Rangárþings eystra sem og utan. Hlynur og fjölskylda hans héldu m.a. úti mjög skemmtilegum útsendingum í streymi einu sinni í viku á Covid tímum. Í streyminu tóku þau við óskalgögum og skemmtu sér og öðrum á erfiðum tímum. Hlynur var hluti af teymi Sumarlandans á RÚV sl. sumar þar sem hann var með innslög og söng íslensk dægurlög, einn eða með dætrum sínum þeim Brynju Sif og Sæbjörgu Evu. Hlynur hefur verið

í Karlað Rangæinga um árabíl og í sönghópnum Öðlingum og hann hefur samið fjöldann allan af lögum og textum, bæði fyrir sjálfan sig en einnig fyrir kórinn.

Christiane L. Bahner, formaður Markaðs- og menningarnefndar, afhenti Hlynur viðurkenninguna á Kjötsúpuhátíðinni en hann fékk að gjöf veglega körfu í boði SS og 50.000 kr. frá Rangárþingi eystra.

Hlynur er virkilega vel að þessari tilnefningu kominn og óskar sveitarfélagið honum hjartanlega til hamingju.



Börnin úr Mjólkurbúshverfinu heimsóttu MS

Síðastliðinn fimmtudag hittust nokkir gamlir Selfyssingar, nánar tiltekið þeir sem voru börn í Mjólkurbúshverfinu frá 1945 til 1960.

Hópurinn, um 25 manns, heimsótti fyrst mjólkurbúið (nú MS), gamla vinnustað foreldra sína og „leiksvæðið“ þar um kring undir leiðsögn Ágústs Þórs Jónssonar rekstrarstjóra.

Að því loknu hélt hópurinn á Hótel Selfoss þar sem Ingibjörg Sigurðardóttir, Eiríkur G. Guðmundsson og Kristján Larsen

buðu upp á frásagnir um æskudaga í Mjólkurbúshverfinu og myndasýningar frá tímabilinu 1945 til 1960.

Fyrir hönd sveitarfélagsins

heilsaði Kjartan Björnsson upp á hópinn og hélt stutta tölu um sína upplifun af Mjólkurbúshverfinu á sínum ungdomsárum



!!ÁHRIFARÍK HÁLKUVÖRN!!

Fyrir flísar og náttúrustein

Golvvörn AB er sænskt þjónustufyrirtæki með íslenskar rætur sem starfar í skandinavíu og á Íslandi. Við bjóðum hálkuvörn fyrir flísar náttúrustein og steingólf sem hefur verið þrautreynd í skandinavíu með einstaklega góðum árangri! Góð ending.

Hentar fyrirtækjum, sveitarfélögum og einstaklingum.

!Frí prufa og fast tilboð í allan frágang!



Allar upplýsingar:
Árni F. Jóhannesson
arni@golvvorn.se
Sími 897 4693



Okkur vantar starfsmenn í byggingarvinnu sem allra fyrst.

Sími 893-4609 og 660-1055

Hús til leigu

Snoturt lítið hús til leigu, 8 km frá Selfossi.
Húsið er laust frá 1. okt. Leigutími er til 1. apríl 2023. Upplýsingar í síma 8435370.



Útboð snjómoksturs og hálkueyðingar

Bláskógabyggð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkueyðingu innan þéttbýlis í Laugarási, á Laugarvatni og í Reykholti. Upphaf verktíma er í október 2022.

Verkefnið felst í snjómokstri og hálkueyðingu á götum, gangstéttum og bílapönum. Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 29. ágúst 2022. Þeir sem óska eftir að fá gögnin afhent sendi tölvupóst á kristofer@blaskogabyggd.is eða hafi samband í síma 480 3000.

Tilboðum skal skilað til Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, fyrir kl. 11 mánudaginn 12. september 2022, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.

Menningarmánuðurinn október - auglýsing

Nú stýttist í einn af stóru viðburðum sveitarfélagsins, Menningarmánuðurinn október sem haldinn verður í þrettánda sinn í Sveitarfélaginu Árborg. Sem fyrr mun sveitarfélagið kynna fjölbreytta viðburðadagskrá sem höfðar til allra aldurshópa og verður lagt upp með minni viðburði sem dreifast út mánuðinn víðsvegar um sveitarfélagið.

Vinna er að fullu hafin við að fylla mánuðinn af áhugaverðum menningarviðburðum fyrir alla aldurshópa. Við hvetjum áhugasama sem standa á bakvið viðburði í októbermánuði að tengjast hátíðinni.

Hægt er að senda upplýsingar á Ólaf Rafnar Ólafsson | olafur.rafnar@arborg.is eða Margréti Blöndal | margretb@arborg.is. Einnig er hægt að hringja í síma 480 1900.

Með von um góðar viðtökur
Sveitarfélagið Árborg



FRUMKVÖÐLA HÁDEGIS HITTINGUR



Í vetur mun Hreiðrið frumkvöðlasetur standa fyrir mánaðarlegum hádegishittingi í Fjölheimum. Hittingurinn inniheldur stutt innleggi frá gesti mánaðarins annarsvegar og almennt spjall og tengslamyndun hinsvegar.

FYRSTI HITTINGUR FER FRAM ÞANN 7. SEPTEMBER OG MUN FJÓLA S. KRISTINSÐÓTTIR NÝR BÆJARSTJÓRI ÁRBORGAR HEFJA LEIKINN OG FJALLA UM STEFNU SVEITARFÉLAGSINS Í ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARMÁLUM.

Viðburðurinn hefst kl.12:00 og mun Birta starfsendurhæfing bjóða upp á súpu á vægu verði svo enginn fari svangur út.

FJÖLHEIMAR - TRYGGVAGÖTU 13 / 2.HÆÐ - SELFOSI



Verkefnastjóri í fullorðinsfræðslu

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi leitar að metnaðarfullum verkefnastjóra til að starfa á starfsstöð Fræðslunetsins á Selfossi. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í teymi hæfileikaríkra starfsmanna, sem starfa í spennandi vinnuumhverfi í mótun.

Fræðslunetið er viðurkenndur fræðsluaðili með EQM+ gæðavottun, sem sinnir fullorðinsfræðslu og símenntun á Suðurlandi og er starfssvæðið allt Suðurland að undanskildum Vestmannaeyjum. Höfuðstöðvar eru í Fjölheimum en starfsstöðvar og námsver víðsvegar um Suðurland. Helsta hlutverk starfsmennar er að sinna framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27 frá 2010, sinna íslenskukennslu fyrir útlendinga, fullorðinsfræðslu fyrir fatlað fólk, bjóða upp á virkniúrræði í samstarfi við VIRK, VMST og Birtu starfsendurhæfingu og veita fyrirtækjum og stofnunum þjónustu á sviði þarfragreininga og endurmenntunar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulagning og umsjón með fjölbreyttu námi á vegum Fræðslunetsins. Þar á meðal nám á vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, nám í íslensku fyrir útlendinga, umsjón með virkniúrræðum, umsjón með námsскеiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir.
- Samningsgerð við verktaka og kennara.
- Heimsóknir til stofnana, fyrirtækja og samstarfsaðila á Suðurlandi.
- Þátttaka í endurmenntun og ábyrgð á því að uppfæra eigin hæfni.
- Samvinna með öllum starfsmönnum Fræðslunetsins og þátttaka í því að þróa og bæta Fræðslunetið til framtíðar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám er skilyrði og meistaragráða æskileg. Eftir-

farandi menntun er kostur; kennaramenntun, félagsráðgjafamenntun, starfs- og námsráðgjafamenntun, verkefnastjóramenntun og mannauðsmenntun.

- Góð tölvukunnátta og færni í upplýsingatækni er skilyrði. Reynsla af notkun INNU, Planner/Trello eða öðrum samþættingu hugbúnaði og skjálausnum Office 365 er kostur.
- Áhugi, þekking og reynsla af því að vinna í málum útlendinga og nýbúa er kostur.
- Haldbær reynsla í vinnu við fullorðinsfræðslu og/eða verkefnastjórnun er kostur.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, ríkir skipulagshæfileikar, sjálfstæði í störfum og góð hæfni í samskiptum.

Um framtíðarstarf er að ræða og fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Sækja skal um í gegnum Alfreð eða með tölvupósti til Eyjólfur Sturlaugssonar framkvæmdastjóra Fræðslunetsins á netfangið eyjolfur@fraedslunet.is. Umsókn skal samanstanda af ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og BHM. Fræðslunetið hvetur alla áhugasama einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknarfrestur er til 14. september 2022. Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fræðslunetsins í s. 560 2030 eða með tölvupósti á netfangið eyjolfur@fraedslunet.is



FRÆDSLUNETIÐ
Símenntun á Suðurlandi
Lærum allt lífið

Íþróttir



Efri röð frá vinstri til hægri: Hannes Kristinn Ívarsson, Sindri Snær Ólafsson, Hjalti Geir Jónsson, Ari Hrnannar Bjarmason, Sigurður Logi Sigursveinsson, Birkir Hrafn Eyþórsson, Kristófer Logi Jóhannsson, Fróði Larsen Bentsson og Benjamín Rökkvi Sigvaldason. Í fremri röð frá vinstri: Unnar Örn Magnússon, Böðvar Thor Guðmundsson, Dagur Nökkvi Hjaltalin Svöluson, Gísli Steinn Hjaltason, Tristan Máni Morthens, Birkir Máni Sigurðarson, Sigurður Darri Magnússon, Arnór Daði Viðarsson og Hjörvar Steinarsson. Á myndina vantar Benjamín Magnús Magnússon.

Stór stund í sögu félagsins

KÖRFUBOLTI Það var stór stund í sögu félagsins sl. sunnudag þegar níjtján, segi og skrifa NÍJTJÁN, drengir úr yngriflokkastarfi Selfoss-Körfu skrifuðu undir leikmannasamning við félagið. Það gerir atburðinn enn stærri að þeir eru allir með tölu úr sama árganginum, fæddir 2006 og því á 16. ári.

Þetta er langfjölmennasti og öflugasti árgangurinn í sögu félagsins og hefur hann verið meðal allra bestu liðanna á landsvísi. Félagið hefur lengi beðið eftir því að fá fleiri leikmenn úr uppeldis-

starfinu upp í meistaraflokkinn og nú er komið að því að strákar úr þessum árgangi fara að tínast inn í liðið og æfingahópinn, einn af öðrum, næstu misserin og árin. Það eru því sannarlega spennandi tímar handan við hornið á Selfossi, eftir of mörg mögur ár hvað þetta varðar, þegar aðeins einn og einn leikmaður hefur komið upp í meistaraflokksliðið.

Drengirnir eru að hefja framhaldsskólanám við FSu þessa dagana og eru allir skráðir í Körfuboltaakademíuna. Þeir gera þriggja ára samning við fé-

lagið og er sameiginlegt markmið samningsaðila að vinna að því hörðum höndum að þeir nái að þroska hæfileika sína til hins ýtrasta á þessum árum, þannig að þeir fái tækifæri til að verða besta útgáfan af sjálfum sér, sem leikmenn og einstaklingar, og verði kjarninn í vonandi sigursælu liði Selfoss til framtíðar.

Þessi hópur hefur verið lengi saman, flestir notið úrvals atlætis og þjálfunar undir stjórn Karls Ágúst Hannibalssonar frá 6 ára aldri, en nokkrir bæst í hópinn síðust ár. *Selfoss karfa/GÞ*

Fimm framtíðarleikmenn semja við Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnu-deild Selfoss hefur samið við fimm unga og efnilega leikmenn út keppnistímabilið 2024. Þetta eru þær Brynja Líf Jónsdóttir, Auður Helga Halldórsdóttir, Katrín Ágústsdóttir, Embla Dís Gunnarsdóttir og Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

Allar hafa þær farið í gegnum yngri flokka starf Selfoss og hafa síðustu misserin verið að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokknum.

Brynja Líf er 18 ára og spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik í lokaumferð Pepsi-deildarinnar 2019. Hún hefur síðan þá spilað 25 leiki fyrir Selfoss og skorað í þeim 1 mark en Brynja spilar oftast sem miðju- eða varnarmaður.

Sóknarmaðurinn Auður Helga, sem er 17 ára, er fyrrum landsliðskona í fimleikum en hefur nú sett fótboltann í fyrsta sæti og spilaði sína fyrstu leiki í efstu deild á þessu tímabili. Hún hefur spilað 18 meistaraflokksleiki fyrir Selfoss, þar af 12 í efstu deild í sumar.

Katrín er 17 ára og hefur verið



Auður Helga og Katrín sitjandi fyrir framan og fyrir aftan standa Embla Dís, Brynja Líf og Jóhanna Elín. Mynd: Guðmundur Karl/Sunnlenska.is

í leikmannahópi meistaraflokks frá 15 ára aldri. Þessi kraftmikli sóknarmaður er leikreyndust af þeim fimm menningunum, hefur spilað 35 meistaraflokksleiki, þar af 21 í efstu deild.

Embla Dís, sem er 17 ára, spilaði sína fyrstu meistaraflokksleiki í sumar. Embla Dís nýtur sín best á miðjunni og er öflugur skotmaður en hún skor-

aði sitt fyrsta mark í meistaraflokki í sigri á Aftureldingu í Mjólkurbikarnum fyrr í sumar.

Jóhanna Elín er 16 ára sóknarmaður og hefur verið í leikmannahópi meistaraflokks frá því síðasta vetur. Hún spilaði sína fyrstu leiki í efstu deild núna í ágúst og hefur komið af krafti inn í liðið síðustu vikurnar.



Brenna Lovera. Mynd: Hrefna Morthens

Frábær sigur í Keflavík

KNATTSPYRNA Selfoss sigraði sinn annan leik í röð þegar liðið lagði Keflavík að velli. Eftir sigurinn er liðið í fimmta sæti Bestu deildarinnar.

Brenna Lovera kom okkar konum yfir snemma leiks þegar hún skallaði boltann í netið eftir fyrirgjöf Bergrósar Ásgeirsdóttur. Selfyssingar voru sterkari aðilinn í fyrri hálf-

leiknum en náðu þó ekki að bæta við marki, 0-1 í hálfleik.

Íris Una tvöfaldaði forskotið eftir klukkutíma leik þegar hún setti boltann í netið eftir mikið klafs í teig Keflvíkinga. Eftir það mark fjaraði leikurinn út og stigin þrjú tryggð.

Glæsilegur sigur en næst er það Stjarnan sem bíður, þó ekki fyrr en 11. september á JÁVERK-vellinum.



Síðustu skeiðleikar ársins

HESTAR Fjórðu og síðustu skeiðleikar Baldvins og Þorvaldar og Skeiðfélagsins fóru fram á Brávöllum á Selfossi mánudaginn 29. ágúst. Veðuraðstæður voru með ágætum og þrýðistímar náðust í öllum vegalengdum.

Þetta tímabil markar ákveðin tímamót fyrir Skeiðfélagið þar sem þetta var títunda keppnistímabilið í röð sem haldið er eftir að Skeiðfélagið var vakið úr dvala sem það hafði legið í frá árinu 2009. Sumir af núverandi Skeiðfélagsmeðlimum hafa verið með frá upphafi og lagt sitt af mörkum við að halda heiðri skeiðkappreiða á lofti.

Hans Þór Hilmarsson er stigahæsti knapi sumarsins og hlaut hann því 100.000 króna gjafaúttekt í verslun Baldvins og Þorvaldar. En þau Guðmundur Árnason og Ragna Gunnarsdóttir í Baldvin og

Þorvaldi hafa staðið ríkulega við bakið á Skeiðfélaginu síðastliðin ár og styrkt um öll verðlaun. Auk þess fékk Hans Þór til varðveislu farandbikarinn Öderinn sem gefinn er af Gunnari Arnarsyni og Kristbjörgu Eyvindsdóttur til minningar um Einar Öder Magnússon.

Í 250 metra skeiði var það Konráð Valur Sveinsson sem fór með sigur af hólmi á Kastori frá Garðshorni á Þelamörk á tímanum 22,23 sekúndum. Hann sigraði þá einnig keppni í 150 metra skeiði á Kjarki frá Árbæjarhjáleigu II á tímanum 14,15 sekúndum sem er næstbesti tími ársins í þeirri vegalengd. Í 100 metra skeiði var það hinsvegar Teitur Árnason sem var hlutskarpastur á Drottningu frá Hömrum II á tímanum 7,34 sekúndum sem er næstbesti tíminn í þeirri vegalengd í ár.

Friðrik Erlingsson heggur stórt og óvarlega

Friðrik Erlingsson rithöfundur skrifar langhund í síðustu Dagskrá til að svara gagnrýni minni á söguhéraðið Rangárþing fyrir að öll umgjörð um Sögusetrið og upplifun á Njáluslóð er „hornkerling,” og sögunni ekki gerð þau skil sem henni ber. Friðrik er greinilega líkari Valgarði gráa og Merði syni hans á Stóra-Hofi í framgöngu og háttum en Njáli á Bergþórshvoli sem með speki og manndómi lagði alltaf gott til málanna. Þeir Stóra-Hofsfeðgar voru frægir í Njálu fyrir að koma illindum af stað og hetjunum fyrir kattarnef. Friðrik tekur að saka einn hóp manna Framsóknarmenn um alla ábyrgð á því hvernig mál hafa þróast. Mín skrif voru fyrst og fremst sett fram til að vekja ráðamenn héraðsins og hvetja þá til dáða hvar sem í flokki þeir standa. Af öllum mönnum vil ég nefna frumkvöðulinn Sæmund Holgersson tannlækni í Hvolsvelli sem dró vagninn í upphafi jafnframt tel ég að Ísólfur Gylfi Pálmason framsóknarmaður hafi staðið þessa vakt með miklum ágætum þá Sögusetrið og Njálusaga var sett í öndvegi, ásamt fólki úr öllum flokkum. Friðrik lítillækur sjálfan sig hvernig hann talar um Samvinnusafnið og reynir að niðurlægja mínar ábendingar með því að gera mig að einhverskonar óvini í mikilvægri umræðu. Margir Rang-

æingar hafa þakkað mér fyrir hvatninguna og taka undir hugsjónir mínar, og harma hvernig mál hafa þróast. Ég hefi átt samtalið við Anton Kára Halldórs-son sveitarstjóra í Rangárþingi Eystra og fór vel á með okkur, við höfðum sömu sýn á málin. Ennfremur Jón G. Valgarðsson sveitarstjóra í Rangárþingi Ytra. Ég hef rætt við Lilju Dögg Al-

freðsdóttur menningarmálaráð-hera sem er tilbúinn til samstarfs við Rangæinga um Njálusögu og Oddastað sem Ól Snorra Sturluson upp til tvítugs, fóstur hans Jón Loftsson og Sæmund fróða og þá miklu sögu og það stóra hlutverk sem Oddi gengdi og gegnir enn í Rangárþingi. Eitt vindhögg frá Friðrik Erlingssyni eflir mig og skrif mín

þjappa vonandi Rangæingum saman. Og sannarlega sé ég fyrir mér hátíðisdag næsta sumar þar sem Njáluhátíð verður í hávegum höfð og Flosi ríður með níutíu og níu víkinga ofan frá Þríhyrningi að Bergþórshvoli, og varðeldur verður kveiktur til minn-



ingur um einn mesta harmleik Íslandssögunnar. Áfram Rangæingar! Svo bið ég hetjur Rangárþings afsökunar á mismælum mínum á Hringbraut þar sem ég sagði Njálurefilinn aðeins 18 metra en ekki 90 metra.

Guðni Ágústsson

Heilsuefning 60+

- Heilsuræktartímar fyrir eldri íbúa í Árborg -

Selfosshöllin: Þri. og fim. 09:30-10:30 og 10:30-11:30

Staður Eyrbakka: Þri. og fim. 14:00-15:00

Íþróttahúsið Stokkseyri: Föst. 10:30-11:30

Áhersla er lögð á styrktarþjálfun ásamt því að þjálfar þol, jafnvægi og lipurð.

Skráning er óþörf, allir velkomnir 60 ára og eldri að kostnaðarlausu.



Við erum með facebook hóp: „Heilsuefning 60+ Árborg”



Berglind Elíasdóttir
Íþróttakennari kennir tímana.

Berglind er M.Ed. Íþrótt- og heilsufræðingur með sérstaka áherslu á þjálfun eldri aldurshópa.



veiliðan fyrir alla



HESTADAGAR Á SELFOSSI 19. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER

Aukið úrval hestavöru í verslun okkar á Selfossi.

ALLAR hestavörur í verslun á

20% afslætti

Hestavara dagsins á

30% afslætti


Ný vara daglega,
skannaðu QR kóðann og
skoðaðu afsláttardagatalið á
www.fodurblandan.is



Skannaðu QR kóðann
til að skoða vörur
á 30% afslætti

*Afsláttur gildir einungis í verslun Fóðurböndunnar á Selfossi





SVAR VIÐ BRÉFI HELGU

**Frumskýnd 2. september
í Bío húsinu**

„Svar við bréfi Helgu“ er ný íslensk kvikmynd sem gerist í afskekktum firði á 5. áratug síðustu aldar. Þar verður Bjarni, hinn ungi bóndi, ástfanginn af Helgu á næsta bæ. Þau hefja ástríðufullt, forboðið ástarsamband og brátt fara tilfinningarnar að flæða jafn hömlulaust og hafið sem umkringir þau.

**Sýningatímar og miðasala
á www.biohusid.is**

AÐALLEIKARAR:
Hera Hilmar, Aníta Briem, Björn Thors

LEIKSTJÓRI:
Ása Helga Hjörleifsdóttir



Uppskeruhátíð í Hrunamannahreppi

Matarkistan Hrunamannahreppur er sannarlega blómleg sveit með myndarleg býli af öllum stærðum og gerðum. Nú þegar halla fer sumri eru haustverkin í fullum gangi, uppskera og undirbúningur fyrir göngur og réttir. Árviss Uppskeruhátíð verður haldin á Flúðum og nágrenni laugardaginn 3. september. Ýmislegt verður í boði fyrir gesti og gangandi þennan dag og hægt að njóta í rólegheitum.

Dagurinn hefst með hefðbundinni Uppskerumessu og leikjum í Hrunakirkju. Í Félagshöfðinu á Flúðum verður markaður frá klukkan 13-17 með brakandi ferska uppskeru frá garðyrkjubændum, ýmsar vörur beint frá býli, bakkelsi, kruðerí í krukum og fjölbreytt handverk.

Það verða opin hús hjá handverksfólki í Bjarkarhlíð og Laugalandi þar sem hægt er að líta við og opið kúabú í Bryðju-



holti þar sem gestir geta kíkt í fjós. Boðið er upp á kynningu á ræktun og innlit í klefa hjá Flúðasveppum. Árviss opið grænmetis-golfmót á Selsvelli Litla bændabúðin, Litla húsið og Hús minninganna opin. Söguganga með leiðsögn verður um Flúðir, Útileikir, frísbígg og sund, veitingastaðir verða opnir og ýmis tilboð í gangi. Verið velkomin. Allt nánar um dagskrána og tímasetningar má finna á www.sveitir.is.

FRÍSTUNDAHEIMILI ÁRBORGAR

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

FRÍSTUNDALEIÐBEINENDUR
HLUTASTARF Í HAUST

Á frístundaheimilum starfar þú
með skemmtilegustu íbúum
sveitarfélagsins!

Ert þú barngóður, jákvæður &
ábyrgur einstaklingur?

Vinna sem hentar með skóla

30-50% starf

Haustið 2022

Virkir dagar

Vinnutími: 12:30-16:30

Skelltu þér inn á ráðningavef Árborgar og sæktu um hjá okkur eða sendu okkur skilaboð:

bifrost@arborg.is
bjarkarbol@arborg.is
holar@arborg.is
stjornustein@arborg.is



Ljósakvöld í Múlakoti

Til að varðveita Guðbjargar- garð í Múlakoti í Fljóts- hlíð og vinna að endurbótum á húsakosti þar efnir Vínafélag gamla bæjarins í Múlakoti til Ljósakvölds í Guðbjargar- garði klukkan 19.30 laugardaginn 3. september.

Ljósakvöldið dregur nafn sitt af því að í Kaupmannahöfn 1928 til 1929 kynntist Ólafur Túbals listmálari í Múlakoti skrautljós- um í Tívoli og trjágörðum. Við heimkomu setti hann þau upp í garði móður sinnar Guðbjargar Þorleifsdóttur.

Auk ljósanna í trjánun minn-

ast margir sem sóttu Múklakot heim lysthússins í garðinum. Nú er unnið að endursmíði hússins og styður vínafélagið við það framtak. Ljósakvöldið er meðal fjáröflunarleiða til þess.

Björn Bjarnason, formaður vínafélagsins, býður gesti velkomna. Sr. Sigríður Kristín Helgadóttir, prestur á Breiðabólstað, flytur ávarp. Þórður Helgason, fyrrv. dósent, flytur ljóð. Grétar Geirsson leikur á harmonikku.

Kaffiveitingar. Aðgangseyrir 1.000 kr – ókeypis fyrir börn.

Verið velkomin til okkar



Austurmörk 4, Hveragerði

Tímabókannir á
noona.is
Hárverk : 620 6777
Vera: 691 0728



Sérfræðistörf á Selfossi

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 350 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís er með útibú í öllum landslutum. Það er metnaður stofunnar að veita staðbundna þjónustu sem víðast á landinu með stuðningi annarra sérfræðinga Verkís.

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugum starfsfólki í útibú okkar á Selfossi.

Störfin fela í sér að sinna fjölbreyttum hönnunar- og ráðgjafarverkefnum á breiðu sviði innan mannvirkjagerðar auk verkeftirlits.

Byggingahönnuður

Verkís óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing, -tæknifræðing eða byggingafræðing í útibú Verkís á Selfossi. Starfið felst í fjölbreyttum hönnunarverkefnum, útboðsgagnagerð, kostnaðaráætlanagerð og eftirliti í verkefnum.

Veituhönnuður

Verkís óskar eftir að ráða véla- og orkuverkfræðing/-tæknifræðing eða byggingarverkfræðing/-tæknifræðing í útibú Verkís á Selfossi. Starfið felur í sér lagnahönnun, hönnun veitumannvirkja, samræmingarhönnun veitustofnanna, ræsaönnun og hönnun blágrænna ofanvatnslausna.

Nánari upplýsingar veita

Ari Guðmundsson útibússtjóri Verkís á Suðurlandi, arg@verkis.is
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. september 2022.

Nánari upplýsingar um störfin eru á ráðningarvef Verkís umsokn.verkis.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.
Opnar fimmtudaginn
8. sept. kl. 13:00

HEILSUEFLING 60+
Íþróttavelli/Selfosshöllin
þriðju- og fimmtu-
dagsmorgna

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhalð - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**KRANAVINNA
GRÖFUVINNA**
25 ÁRA REYNSLA

Diddi S. 861 4966

**þarftu snyrtingu
fyrir hundinn þinn?**

Ég var að opna stofu í
Urriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 4. septem-
ber kl. 11:00. Kirkjukórinn syng-
ur, organisti Edit A. Molnár,
prestur Gunnar Jóhannesson.
Sunnudagaskóli á sama tíma kl.
11:00 umsjón Sjófn Þórarins-
dóttir ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17.30. Sjáið allt um safnaðar-
starf Selfosskirkju inn á selfoss-
kirkja.is.

Hrunakirkja
Uppskerumessa laugardaginn 3.
september kl. 11 í Hrunakirkju.
Léttir sálmar, hugvekja, bæn og
blessun. Grillaðar pylsur og
leikir á eftir. Samvera fyrir alla
fjölskylduna - allir hjartanlega
velkomnir!

BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavöðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

TIL SÖLU

Hyundai til sölu
Hyundai Terracan til sölu. Dísel
2,9 l. Uppl. í síma 895 7631.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga nidra í 8 vikur
Byrjar í þessari viku
Djúp slökun
Betri svefn
Fræðsla og léttleiki

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

**Nudd -
Svæðanudd**

Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



Fab-lab langspil smiðja í Flóaskóla undir leiðbeinslu Eyjólfssonar
Mynd: RÚV

Smiðjuþræðir teygja anga sína til Louvre

Nú fer óðum að stytast í að
Smiðjuþræðir Listasafns
Árnesinga hefjist að nýju.

Smiðjuþræðir er áframhald-
andi verkefni á vegum Lista-
safns Árnesinga sem hófst árið
2020 og hefur vaxið með ári
hverju. Verkefnið snýst um að
keyra út sérú af fjölbreyttum og
færanlegum listasmiðjum sem
starfandi listamenn úr ólíkum
listgreinum leiðbeina, til allra
skóla í Árnessýslu.

„Markmiðið er að efla tengsl
safnsins við nærsamfélagið og
veita börnum og unglingum í
sýslunni tækifæri á að taka þátt
í fjölbreyttu menningarstarfi á
óháð búsetu. Þetta árið erum
við að vinna með 6 frábærum
listamönnum og er þar á meðal
Thomasine Giesecke kennari frá
hinu heimsfræga Louvre safni
sem mun koma í haust og leið-
beina smiðjum. Auk hennar eru
Myrra Rós Þrastardóttir hand-
verks- og tónlistarkona, Ásta
Guðmundsdóttir listakona og
fatahönnuður, tónlistarmaðurinn
og þjóðfræðingurinn Eyjólfur
Eyjólfsson, Yara Zein listakona,
og lista- og tónlistarkonan Lóa
Hjálmtyrdsdóttir sem flestir ættu
að þekkja.

Flestir listamannana eru bú-
settir hér í Árnessýslu og við
erum í sjöunda himni yfir því
að fá að starfa með þessum
fjölhæfu listamönnum í þessu
verkefni. Smiðjurnar að þessu
sinni eru af ólíkum toga og má
nefna Fab lab langspil þar sem
nemendur smíða langspil með
notkun fab lab og læra að spila
einföld lög á hljóðfærið, hönnun
úr uppnýttum efniviði þar sem
sjálfbærni er höfð að leiðarljósi,
prent- og bókverksmiðja þar
sem markmiðið er að brúa bil og
sameina eiginleika rit- og mynd-
listar, textíl smiðja þar sem nem-



Alda Rose Cartwright, verkefnastjóri
fræðslu á Listasafni Árnesinga.

endur sjá nýja möguleika í því
„gamla“ og „ónýta“ með því að
endurnýta flíkur á skapandi hátt,
stop-motion hreyfimyndagerð
og arabísk skrautskrift þar sem
nemendur fá einnig að kynna
ólíkum menningarheimum í
gegnum myndlist. Smiðjurnar
eru hver annarri betri og veita
nemendum innsýn í störf lista-
manna og þann fjölbreytileika
sem listaheimurinn er.

Nú þegar er farið að bóka
smiðjurnar í skólana svo að við
erum bjartsýn á að það verði
góð þátttaka þetta skólaárið. Við
erum afar þakklát fyrir jákvætt
viðhorf frá skólunum og að vel
sé tekið á móti okkur með þetta
verkefni sem fékk m.a. hæsta
styrk frá Barnamenningarsjóði
í ár. Við munum einnig bjóða
upp á smiðjurnar á safninu fyrir
þá sem hafa áhuga og hægt er
að fylgjast með því á sam-
félagsmiðlum eða heimasíðunni
okkar www listasafnarunesinga.is,” segir Alda Rose Cartwright,
verkefnastjóri fræðslu á Lista-
safni Árnesinga.

prentmet **prentun**
heildarlausnir í prentun

482 1944 selfoss@prentmetoddi.is



Tafir vegna fjárrekstra í Biskupstungum

Föstudaginn 9. september og laugardaginn 10. september má búast við umferðartöfum á eftirtöldum vegum í Biskupstungum vegna fjárrekstra.

Föstudaginn 9. sept.
Biskupstungnabraut F35, milli Gullfoss og Geysis frá kl. 11:30 til 13:30.
Skeiða- og Hrunamannavegur F30, við Gýgjarhól milli kl. 14:00 og 15:30.
Einholtsgötuvegur F358, frá Kjarnholtum að Tungnaréttum frá kl.16:00 fram á kvöld.

Laugardaginn 10. sept.
Biskupstungnabraut F35 frá Vatnsleysu að Múla frá kl. 13:00 og fram eftir degi.
Einholtsgötuvegur F358 frá Tungnaréttum að Gýgjarhólskotu frá kl. 13:00 og fram eftir degi.

Fjallskilaneftnd Biskupstungna

Annað landslag - Myndlistar-sýning Valgerðar Björnsdóttur

Valgerður Björnsdóttir, listakona mun bjóða upp á sýninguna Annað landslag í Gallery listaseli á Selfossi í september. Sýningaropnunin verður laugardaginn 3. september á milli 13 og 17 og býður Valgerður öll velkomin. „Á miðjum aldri fékk ég löngun í að mennta mig í myndlist, langaði að prófa eitt-hvað alveg nýtt og útskrifaðist úr grafíkdeild MHÍ 1999. Ég hef síðan aðallega unnið grafíkverk og er félagi í SÍM – Sambandi íslenskra myndlistarmanna og ÍG – Íslenskri grafík. Verkin á sýningunni eru öll unnin á þessu ári og eru máluð með akrýl á panel. Ferillinn við vinnuna var mjög skemmtilegur. Margt óvænt

gerðist og myndirnar breyttust verulega á leiðinni. Oft birtist draumkennt landslag „annað landslag“ og ýmsar kynjaverur. Litir hafa alltaf haft mikil áhrif á mig og hef ég mikla ánægju af því að leika mér með þá eins og verkin sýna,“ segir Valgerður.



Sunddeild

Langar þig að æfa íþróttir en veist ekki hvaða? Hvernig væri að prófa sundæfingar. Í sundi styrkir maður flesta vöðva líkamans og nær þreki og þoli. Hjá Sunddeild UMFS er góður og skemmtilegur hópur iðkennda og þjálfararnir eru með mikla og góða reynslu. Æfingar eru aldursskiptar sem hér segir.

Þjálfarar sunddeilda:
Magnús Tryggvason, s. 898 3067
Guðbjörg H. Bjarnadóttir, s. 848 1626

Samferða í Selfosskirkju

Velkomin í kirkjuna okkar!



SUNNUDAGUR

Messa alla sunnudaga, flesta sunnudaga kl. 11:00 en einu sinni í mánuði kl. 20:00
Sunnudagaskóli kl. 11:00

MÁNUDAGUR

12 spora starf kl. 18:00-20:00.
Opnir kynningarfundir í september, lokað starf eftir þá.
ÆSKÓ 20:00-21:30



ÞRIÐJUDAGUR

Bænastund kl. 9:15, kaffi og spjall á eftir
Unglingakór (6.-10.bekkur) kl. 14:30-16:00
Barnakór (3.-5.bekkur) kl. 16:00-16:45
6-9 ára barnastarf kl. 14:00-15:30
TTT (10-12 ára) barnastarf kl. 17:00-18:30



MIÐVIKUDAGUR

Bænastund kl. 9:15, kaffi og spjall á eftir
Foreldramorgnarn kl. 11:00-12:30
Bænastund í kyrrð og íhugun kl. 17:00-17:30

FIMMTUDAGUR

Bænastund kl. 9:15, kaffi og spjall á eftir
Unglingakór (6.-10.bekkur) kl. 15:00-16:00
Kirkjukór kl. 19:30

Í vetur verða reglulegar fræðslusamverur einnig verða samtalshópar um sorg og áföll.

Allt starf er auglýst og kynnt á selfosskirkja.is einnig á Facebook og Instagram síðum Selfosskirkju.



Koparhópur

(börn fædd 2013-2015 / 7 -9 ára)
Æft á mánudögum og miðvikudögum.
Skráningardagur verður í andyri
Sundhallar Selfoss miðvikudaginn
31. ágúst frá kl 16-17

Þjálfari: Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir



Bronshópur

(börn fædd 2010-2012 / 10-12 ára)
Mánudaga kl. 15:45-17:00
Miðvikudaga kl. 15:45-17:00
Föstudaga kl. 16:00-17:15

Þjálfari: Magnús Tryggvason



Silfurhópur

(börn fædd 2008-2010 / 12-14 ára)
Mánudaga kl. 15:45-17:00
Miðvikudaga kl. 15:45-17:00
Föstudaga kl. 16:00-17:00
Laugardaga kl. 09:30-11:00

Þjálfari: Magnús Tryggvason



Gullhópur (iðkendur fæddir 2008 og fyrr / 14 ára og eldri)
Mánudaga kl. 17:00-18:45
Þriðjudaga kl. 16:00-17:30 Hveragerði
Miðvikudaga kl. 17:00-18:45
Fimmtud. kl. 16:00-17:30 Hveragerði
Föstudaga kl. 16:00-17:45
Laugardaga kl. 09:30-11:15
Þjálfari: Magnús Tryggvason



Göngum í skólann

Nú stýttist í að verkefnið *Göngum í skólann* hefjist, en það verður sett í sextánda sinn 7. sept. og lýkur formlega með alþjóðlega *Göngum í skólann* deginum miðvikudaginn 5. okt.

Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á

öruggan hátt í umferðinni.

Á hverju ári taka milljónir barna í yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í *Göngum í skólann* með einum eða öðrum hætti. Hér á landi hefur þátttökan vaxið jafnt og þétt, fyrsta árið voru þátttökuskólarnir 26 en alls 78 skólar skráðu sig til leiks árið 2021.

Á heimasíðu *Göngum í skólann* eru allar nánari upplýsingar um verkefnið en þar má meðal annars finna skemmtilegar útfærslur nokkurra skóla á Íslandi á verkefninu auk ýmiss annars efnis frá þátttökuskólunum, en einnig annan fróðleik sem snýr að heilsuefningu og umferðarfræðslu.



Þorpið styrkir hjálparstarf í Úkraínu

Ívor voru þemadagarnir Þorpið í haldnir í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Nemendur unnu að framleiðslu margskonar varnings sem seldur var á síðasta degi þorpsins. Þorpið hefur verið haldið síðan árið 2013 og hefur verkefnið staðið undir sér fjárhagslega. Þetta vorið var hagnaður af verkefninu

eða 150.000kr. og var ákveðið að láta þá peninga renna til hjálparstarfs í Úkraínu í gegnum starf Rauða krossins. Það voru síðan nemendur í 7. bekk sem fengu þann heiður að afhenda peningagjöfina til fulltrúa Rauða Krossins. En við það tækifæri fengu nemendur að heyra um hjálparstarf Rauða krossins.



Pípulagnir Júlla

Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is
ornja@bntnet.is - Sími 772 1456

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HREINGERINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steintoppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fleint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Jiibbii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FYLGD
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is